

69
14. maí.

Reglugjörð

um breyting á reglugjörð 17. febrúar 1917 um notkun mjölvöru og um sölu á landssjóðs sykri.

Samkvæmt lögum 1. febrúar 1917, um heimild fyrir landsstjórnina til ýmsra ráðstafana útaf Norðurálfríðnum, eru sett eftirfarandi ákvæði:

2. gr. nefndrar reglugjörðar orðist þannig:

Hveiti mega bakarar aðeins nota til að baka súrbrauð, franskbrauð og vana-
legar tvíðkur. Ekki mega heldur aðrir nota hveiti til baksturs til sölu, annars
en þess, er að framan getur.

Reglugjörð þessi öðlast þegar gildi.

Þetta birtist öllum þeim til eftirbreytni, sem hlut eiga að máli.

Í stjórnarráði Íslands, 14. maí 1917.

Sigurður Jónsson.

Jón Hermannsson.

70
16. maí.

Reglugjörð

um breyting á reglugjörð 26. apríl 1917 um viðauka við reglugjörð 11. apríl 1917 um aðflutta kornvöru og smjörlíki.

Samkvæmt heimild í lögum 1. febrúar 1917, um heimild fyrir landsstjórnina til ýmsra ráðstafana útaf Norðurálfríðnum, er hjermeð sett eftirfarandi ákvæði.

5. gr. nefndrar reglugjörðar orðist þannig:

Nefndinni ber að hafa vakandi auga á kornvörubirgðum í kaupstaðnum, svo landsstjórnin hvenær sem er, geti fengið upplýsingar um hve miklar þær sju og hve lengi þær munu endast, og er einstökum mönnum og fjelögum, sem birgðir eiga eða geyma af þessum vörum, til hvers sem þær eru ætlaðar, skylt að gefa nefndinni þær upplýsingar um birgðir sínar, sem hún æskir. Um kornmatarþörf